

# Skýrsla

**iðnaðar- og viðskiptaráðherra um ferðamál.**

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

---

## Samantekt og inngangur

Íslensk ferðaþjónusta hefur vaxið með eftirtektarverðum hætti á undanförunum árum. Vöxtinn má rekja til nokkurra samverkandi þátta en í kjölfar eldsumbrota í Eyjafjallajökli vorið 2010 var ákveðið að ráðast í umfangsmikið markaðs- og kynningarátak fyrir Ísland sem áfangastað og stendur það enn. Það ásamt lækkun á gengi krónunnar, auknu flugframboði og almennt auknum áhuga á Íslandi hafði þau áhrif að erlendum ferðamönnum tók að fjölga hratt. Nú sex árum síðar virðist ekkert lát á þessari þróun. Ferðamönnum hefur fjölgað hlutfallslega meira utan háannatímans og sérstök áhersla hefur verið og er enn lögð á að markaðssetja allt landið.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir ýmsum verkefnum sem unnið er að á vettvangi stjórnsýslunnar og í samstarfi við ferðaþjónustuna og sveitarfélög. Markmið skýrslunnar er að upplýsa Alþingi um þessi mikilvægu verkefni og kalla eftir hugmyndum þingsins um aðgerðir sem mega verða til þess að efla ferðaþjónustuna enn frekar.

Í skýrslunni er meðal annars farið yfir stöðu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, en á yfirstandandi kjörtímabili hefur um 2.2 ma. kr. verið veitt til sjóðsins, sem og þær breytingar sem gerðar hafa verið á sjóðnum til að hann geti betur sinnt hlutverki sínu við uppbyggingu á ferðamannastöðum. Meðal þeirra breytinga var að falla frá kröfum um mótframlag á verkefnum á forræði ríkisins og að lækka þau hjá sveitarfélögum og einkaaðilum niður í 20%.

Gerð er sérstök grein fyrir þeim verkefnum sem fram koma í Vegvísi í ferðaþjónustu sem ráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar unnu að á síðasta ári. Að þeirri vinnu komu um 1.000 manns á yfir 50 fundum sem haldnir voru um allt land. Þar er að finna sérstök áhersluatriði bæði til næstu tveggja ára og eins næstu fimm ára sem öll miða að því að efla íslenska ferðaþjónustu og styrkja stoðir hennar.

Skýrslan gefur einnig glögga mynd af fjölmörgum öðrum verkefnum sem unnið er að á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála sem tók til starfa í nóvember 2015. Stjórnstöðin er samráðsvettvangur ríkisstjórnarinnar, Sambands íslenska sveitarfélaga og Samtaka ferðaþjónustunnar. Henni er ætlað að samhæfa aðgerðir þvert á ráðuneyti, sveitarfélög og greinina sjálfa.

Eitt þeirra verkefna sem Stjórnstöðin vinnur að er forgangsröðun varðandi rannsóknir. Ráðuneytið hefur á kjörtímabilinu lagt áherslu á að bæta bæði talnagögn og rannsóknir og í ár er sérstöku 150 m.kr. framlagi veitt til rannsókna á sviði ferðaþjónustu.

Þá er í skýrslunni fjallað um þær lagabreytingar sem gerðar hafa verið og eru í vinnslu. Breytingarnar miða að því að einfalda regluverk m.a. til þess að taka tillit til breytts umhverfis með tilkomu deiliahagkerfisins.

Í skýrslunni er fjallað sérstaklega um vöxtinn sem hér hefur orðið og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Fjallað er um markaðsmálin og áframhald þeirra. Þá er gerð grein fyrir gjaldtökumálum sem töluvert hafa verið rædd á kjörtímabilinu.

Eitt af því sem skiptir máli er viðhorf ferðamanna til dvalar hér á landi. Mælingar Ferðamálastofu sína mikla ánægju erlendra ferðamanna með dvöl sína hér og það þarf að tryggja að svo verði áfram. Þá má finna samantekt á helstu verkefnum sem unnin voru á árunum 2013-2016 og samantekt um helstu forgangsatríði sem nú er unnið að. Skýrslan á því að gefa nokkuð glögga mynd af stöðu ferðaþjónustunnar og aðkomu ríkisvaldsins að verkefnum tengdum eflingu og þróun hennar á næstu árum.



## Verkefnið – hverju er lokið og hvað er framundan?

Innan ráðuneytisins hefur málaflokkurinn vaxið að umfangi samhliða hröðum vexti atvinnugreinarinnar og mikil vinna farið fram við að endurskoða laga- og starfsumhverfi hennar. Þá gegna Ferðamálastofa, Íslandsstofa og Nýsköpunarmiðstöð Íslands lykilhlutverki við uppbyggingu ferðapjónustu, hver á sínu sviði, og þar hefur verið ráðist í fjölmörg mikilvæg verkefni undanfarin ár. Aðilar eins og markaðsstofur landshlutanna, Samtök ferðapjónustunnar, Rannsóknamiðstöð ferðamála og háskólasamfélagið svo að dæmi séu tekin hafa einnig gengt þýðingarmiklu hlutverki við uppbyggingu ferðapjónustu. Stofnanir annarra ráðuneyta eru þá ótaldar – Umhverfisstofnun, Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins, Vegagerðin, Samgöngustofa, Vatnajökulspjóðgarður, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Þjóðminjasafnið og fleiri stofnanir.

### Uppbygging innviða

Uppbygging innviða á ferðamannastöðum hefur verið mikið í umræðunni undanfarin ár. Þörfin fyrir hraða uppbyggingu hefur m.a. drifið áfram umræðu um nauðsyn þess að koma á sérstakri gjalddöku af ferðamönnum en nánar er fjallað um slíka gjalddöku síðar í skýrslunni.

Þó svo að ekki hafi verið komið á sérstakri gjalddöku af ferðamönnum þá hefur ekki skort á að fé sé lagt til uppbyggingar á ferðamannastöðum. **Á yfirstandandi kjörtímabili hefur um 2.2 ma. kr. verið veitt til Framkvæmdasjóðs ferðamanna til uppbyggingar á ferðamannastöðum. Þar af eru um 1.8 ma. kr. sem rekja má til viðbótarframlaga til sjóðsins** umfram tekjur af gistináttaskatti<sup>1</sup>. Raunar er staðan sú að veitt hefur verið meiri fjármunum en hægt hefur verið að framkvæma fyrir.



Eitt af markmiðum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er að stuðla að uppbyggingu ferðamannastaða um allt land m.a. til að fjölga viðkomustöðum ferðafólks og draga þannig úr álagi á fjölsóttu staði. Styrkir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða hafa farið til uppbyggingar um allt land eins og meðfylgjandi mynd sýnir og hefur sjóðurinn því vel gætt að því hlutverki sínu.

<sup>1</sup> Gistináttaskattur ársins 2016 byggir á áætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins við gerð fjárlaga. Endanlegar upplýsingar um tekjur af skattinum liggja ekki fyrir fyrir en í lok árs 2016.

Á meðfylgjandi mynd má einnig sjá skiptingu verkefna eftir kjördæmum<sup>2</sup> en sjóðurinn úthlutaði styrkjum til 448 verkefna á árunum 2012 til 2015.



Nákvæmar upplýsingar um þau verkefni sem hafa fengið styrki úr sjóðnum er að finna á vef Ferðamálastofu<sup>3</sup>. Sem dæmi um úthlutanir má nefna að árið 2014 var **380 m.kr. úthlutað til sérstakra verkefna um land allt sem voru talin brýn vegna verndunar og öryggissjónarmiða.**

Um var að ræða nauðsynlegar framkvæmdir við stígagerð og uppsetningu öryggishandriða og palla. Þá var u.þ.b. **290 m.kr. úthlutað til verkefna er tengjast uppbyggingu á salernisaðstöðu eða þjónustuhúsum<sup>4</sup> árið 2015.** Þessi verkefni voru m.a. hluti af sérstakri 850 m. kr. úthlutun til ýmissa brýnna verkefna á ferðamannastöðum s.s. uppsetningu göngustíga, útsýnispalla, bílastæða auk fyrrgreindrar salernisaðstöðu.

Við greiningu á stöðu úthlutana úr sjóðnum sem ráðherra lét framkvæma á vegum Stjórnstödvar ferðamála í nóvember 2015 kom í ljós að ennþá er töluvert af fjármunum bundið í sjóðnum vegna verkefna sem annað hvort hafa ekki farið af stað eða er ekki lokið. Helstu ástæður sem gefnar eru á töfum eru skipulagsmál, tímafrek hönnunarvinna, deilur milli landeigenda, skortur á mótframlagi og skortur á verktökum eða mannafla til að vinna verkin. Í meðfylgjandi töflu má sjá úthlutanir úr framkvæmdasjóðnum sundurliðað eftir árum, fjárhæð styrkja og fjölda verkefna. Eðli málsins samkvæmt er árið 2016 ekki tekið með þar sem úthlutun hefur ekki farið fram en sjóðurinn hefur í heild 666 m.kr til ráðstöfunar árið 2016 og hefur þá haft um 2.8 ma.kr til ráðstöfunar frá stofnun.

Ár	Styrkir (m.kr)			Fjöldi verkefna		
	Úthlutað alls	Greitt alls	Eftirstöðvar	Verkefni alls	Verkefnum lokið	Verkefnum ólokið
2012	69	63	6	30	29	1
2013	501	406	95	124	90	34
2014	603	300	303	139	36	103
2015	1.025	600	425	155	33	122
<b>Samtals:</b>	<b>2.198</b>	<b>1.369</b>	<b>829</b>	<b>448</b>	<b>188</b>	<b>260</b>

<sup>2</sup> Athygli er vakin á því að á myndinni eru Reykjavíkurborgkjördæmin tvö ásamt suðvesturkjördæmi tekin saman í eina súlu.

<sup>3</sup> <http://www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/framkvæmdasjodur-ferdamannastada/uthlutadir-styrkir>

<sup>4</sup> Inni í þessari upphæð eru bæði verkefni sem voru tilbúin til framkvæmda og hönnun.

**Í byrjun árs 2016 gaf ráðherra út nýja reglugerð um starfsreglur Framkvæmda-sjóðs ferðamannastaða þar sem mótframlag til svæða í eigu og umsjón ríkisins er felld niður og mótframlag til svæða í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila er lækkað úr 50% í 20%. Er það gert til að liðka fyrir uppbyggingu á ferðamannastöðum.**

Ferðamálastofa vinnur nú að því að fara yfir eldri styrki með það að markmiði að tryggja betri nýtingu fjármuna, en í fyrrgreindri reglugerð voru sett ný ákvæði sem auðvelda Ferðamálastofu að stöðva greiðslur eða afturkalla styrki ef framvinda verkefna er ófullnægjandi. Þá voru einnig sett ákvæði í reglugerðina um að stjórn sjóðsins geti ákveðið að gera ekki tillögu til ráðherra um að veita styrk til tiltekins verkefnis sem uppfyllir að öðru leyti skilyrði sjóðsins. Ástæðan getur verið sú að umsækjandi hafi ekki staðist kröfur sjóðsins við framkvæmd fyrri verkefna eða að stjórn sjóðsins meti það svo að umsækjandi muni ekki ná að nýta umbeðinn styrk vegna annarra verkefna sem hann er þegar með í vinnslu á grundvelli styrkja úr sjóðnum. Miða þessar breytingar að því að tryggja að ekki sé verið að úthluta fjármunum til framkvæmda nema það sé ljóst að styrkþegi geti hafist handa við framkvæmdir.

### **Endurskoðun regluverks – einföldun og öryggi**

Eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar er að einfalda regluverk hins opinbera. Í því ljósi fól ráðherra Ferðamálastofu að fara yfir möguleika til einföldunar starfsumhverfis og regluverks í ferðaþjónustu, en niðurstöður þeirrar vinnu voru birtar í skýrslu sem skilað var til ráðherra í maí 2014. Síðan þá hefur markvisst verið unnið að því að yfirfara regluverk á sviði ferðaþjónustu með tilliti til einföldunar og bættis öryggis.

Sett voru ný lög um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015 en markmiðið með lagasetningunni var að einfalda regluverk þar sem það var hægt en jafnframt að gera ríkari kröfur til starfsemi ökutækjaleiga í tengslum við öryggi ferðamanna sem og að auka eftirlitsheimildir og úrræði Samgöngustofu. Þá er í lögnum kveðið á um starfsemi svokallaðra einkaleiga þar sem einstaklingum er gert kleift að bjóða til leigu skráningarskyld ökutæki sitt með milligöngu leigumiðlunar.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytinga á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Miðar það m.a. að því að einfalda og skýra regluverk í tengslum við heimagistingu. Einföldunin felst í því að einstaklingum verður heimilt að leigja út lögheimili sitt auk einnar annarrar fasteignar í skamman tíma án þess að þurfa sérstakt leyfi heldur dugar einföld skráning. Þannig er skilið á milli eiginlegrar atvinnustarfsemi og heimagistingar. Í frumvarpinu er jafnframt að finna aðrar breytingar til einföldunar á regluverki málaflokksins.

Þá er hafin vinna við endurskoðun á lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála og vinna við frumvarp til laga um flugþróunarsjóð, en gert er ráð fyrir að frumvörpin verði lögð fram á 146. löggjafarþingi.

### **Vegvísir í ferðaþjónustu – Stjórnstöð ferðamála**

*Vegvísir í ferðaþjónustu* var kynntur í október sl. þar sem fram kemur að hverju skuli stefnt næstu fimm árin. Samhliða útgáfu Vegvísisins var Stjórnstöð ferðamála sett á laggirnar og mun hún starfa til ársloka 2020. Stjórnstöð ferðamála er í grunninn vettvangur fyrir samráð og samstarf og sem samráðsvettvangur er henni ekki ætlað að taka yfir ábyrgð og skyldur núverandi stjórnkerfis eða hagsmunasamtaka greinarinnar. Stjórnstöðin hefur þegar sett af stað mörg verkefni sem unnið er að á víðtækum vettvangi, eins og nú verður vikið að.

Í Vegvísinum eru skilgreindir sjö áhersluþættir í starfsemi stjórnstöðvarinnar:

- |                               |                        |
|-------------------------------|------------------------|
| 1. Náttúruvernd               | 5. Dreifing ferðamanna |
| 2. Áreiðanleg gögn            | 6. Hæfni og gæði       |
| 3. Jákvæð upplifun ferðamanna | 7. Aukin arðsemi       |
| 4. Samhæfing                  |                        |

Verkefni og aðgerðir Stjórnstöðvar ferðamála eru vel skilgreind í Vegvísi í ferðaþjónustu þar sem sérstök áhersla er lögð á alls 18 forgangsmál í verkefnaáætlun 2016-2017.

- |  |  |
|--|--|
| 1. Ná utan um örán vöxt í greininni með Stjórnstöð ferðamála sem samhæfir aðgerðir og tryggir að forgangsmál fari í framkvæmd.                         | þjónustuna í hverjum landshluta (Destination Management Plan, DMP).  |
| 2. Tryggja að áreiðanlegar, tímanlegar og alþjóðlega samanburðarhæfar mælingar gefi skýra mynd af stöðu greinarinnar á hverjum tíma.                   | 10. Velja „fyrirmyndarstaði“ í ferðaþjónustu sem eru þekktir sem slíkir bæði hér á landi og erlendis og hefjast handa við val og hönnun árið 2016.                                       |
| 3. Setja mælanleg markmið út frá áreiðanlegum gögnum og fylgja þeim eftir til að ná sem bestum árangri.  | 11. Gera ráð fyrir áfangastöðum ferðamanna í skipulagi sveitarfélaga og forgangsraða þeim í hverjum landshluta þar sem áhersla verður á að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn.           |
| 4. Vinna að mörkun (e. branding) Íslands sem áfangastaðar, skilgreina markhópa og markaðssetja í samræmi við það.                                      | 12. Ákveða hvaða áfangastaðir ferðamanna í hverjum landshluta þarfnast aðgangsstýringar og stýra umferð um þá með umhverfisleg og félagsleg þolmörk og öryggi ferðamanna að leiðarljósi. |
| 5. Útfæra leiðir til að sveitarfélög hafi tekjur til að mæta kostnaði þeirra við uppbyggingu og rekstur áfangastaða ferðamanna sem lúta þeirra stjórn. | 13. Greina þarfir fyrir heildstæðar úrbætur til að styðja við hæfni, gæði, fagmennsku og þekkingu innan ferðaþjónustunnar og vinna að skilvirkum leiðum til úrbóta.                      |
| 6. Tryggja að samgönguáætlun taki mið af þörfum ferðaþjónustu og spám um áframhaldandi fjölgun ferðamanna.   | 14. Gera áætlanir um mannafla- og þjálfunarþörf í ferðaþjónustu í öllum landshlutum.   |
| 7. Tryggja að viðhald og uppbygging innviða flugsins verði í takt við fjölgun ferðamanna til landsins.   | 15. Koma á skilvirkri áhættustjórnun sem byggist á stöðugu áhættumati skv. bestu fyrirmyndum erlendis frá.   |
| 8. Auka öryggi ferðamanna og forvarnir m.a. með samræmdri upplýsingagjöf og merkingum um allt land.  | 16. Efla skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.   |
| 9. Gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferða-   |  |

17. Vinna markvisst að leiðum til að fyrirbyggja svarta atvinnustarfsemi í greininni.
18. Einfalda regluverk í ferðaþjónustu enn frekar ásamt því að innleiða eina gátt fyrir leyfisveitingar og gögn.

Vinna stjórnstöðvarinnar hefur farið vel af stað. Fyrstu tillögur sem ræddar voru í stjórn stjórnstöðvarinnar lutu að þörfinni fyrir aukna fjármuni til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum og til rannsókna í ferðaþjónustu. Í ljósi tillagna sem ræddar voru í stjórn stjórnstöðvarinnar lagði iðnaðar- og viðskiptaráðherra til við Alþingi að gerðar yrðu breytingar á fjárlagafrumvarpi ársins 2016 við 2. umræðu. Í kjölfarið samþykkti Alþingi að leggja 517 m.kr. aukalega til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða sem og að veita 150 m. kr. til aukinna rannsókna í ferðaþjónustu.

Nýjustu tillögur stjórnstöðvarinnar um brýnar aðgerðir í öryggismálum eru nú til umfjöllunar í ríkisstjórn. Um er að ræða tillögur að aðgerðum á árinu 2016 en þær snúa meðal annars að löggæslu, upplýsingamálum og öryggi á ferðamannastöðum og vegum.

Auk framangreinds eru eftirfarandi verkefni komin vel á veg á vettvangi stjórnstöðvarinnar en frekari upplýsingar er að finna á vefnum [www.stjornstodin.is](http://www.stjornstodin.is):

1. *Uppbygging innviða og jákvæð upplifun ferðamanna* - Við uppbyggingu innviða er brýnt að huga vel að grunnaðstöðu fyrir ferðamenn og aðgengi að salernum er þar ofarlega á blaði. Markmið verkefnisins er að koma með tillögur um forgangsstöðu staða þar sem nauðsynlegt þykir að fjölga salernum fyrir ferðamenn og leggja fram hugmyndir um rekstrarform. Áætluð verklok eru í apríl.
2. *Áreiðanleg gögn* - Ein mikilvægasta aðgerðin til eflingar ferðaþjónustu á Íslandi er að safna tímanlegum, áreiðanlegum og alþjóðlega samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni. Stýrihópur um verkefnið mun kynna tillögur að heildstæðri rannsóknáætlun, verk- og ábyrgðaskiptingu í júní 2016.
3. *Menntun, hæfni og gæði* - Ferðaþjónusta er þekkingargrein sem byggist á starfsfólki, hæfni þess og þekkingu og því þarf að setja mönnun, hæfni og fagmennsku í ferðaþjónustu í forgrunn. Þá þarf að laða hæft starfsfólk að greininni og tryggja aðgang að þekkingu, fræðslu og menntun. Stýrihópur um verkefnið mun skila útfærðum tillögum um mannafla- og þjálfunarþörf í ferðaþjónustu í öllum landshlutum til Stjórnstöðvar ferðamála í maí 2016.
4. *Sviðsmynda- og áhættugreining í ferðaþjónustu* - Markmið verkefnisins er að greina helstu áhættuþætti með hliðsjón af mismunandi sviðsmyndum. Þannig eru áhættuarnar betur skilgreindar við gerð áætlana og stefnumörkunar í ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að niðurstöður verði kynntar maí 2016.

### **Tölfræði og rannsóknir**

Í september 2013 gaf Ferðamálastofa út skýrslu um þörfina fyrir rannsóknir í íslenski ferðaþjónustu og er sú vinna grunnurinn að fyrrgreindri vinnu á vegum Stjórnstöðvar ferðamála um forgangsstöðu mikilvægra rannsókna í ferðaþjónustu.

Í apríl 2014 skrifaði ráðherra undir samning við Hagstofu Íslands um gerð ferðaþjónustureikninga en gerð þeirra hafði legið niðri um nokkurra ára skeið. Árið 2015 var svo 60 m.kr veitt til rannsókna á sviði ferðaþjónustu á vegum Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst.

Í lok árs 2015 samþykkti Alþingi að veita 150 m. kr. til aukinna rannsókna á sviði ferðaþjónustu. Stjórnstöð ferðamála vinnur nú að forgangsröðun verkefna og verða fjármunirnir nýttir til að ráðast í brýn verkefni á þessu sviði.

Þá safnar Ferðamálastofa reglulega gögnum um ferðaþjónustuna og á hennar vegum hafa verið gerðar ýmsar mikilvægar rannsóknir og greiningar undanfarin ár, en meðal reglubundinna verkefna stofnunarinnar eru talningar á brottfararfarþegum um Keflavíkurflugvöll og væntingakannanir meðal íslenskra og erlendra ferðamanna. Auk þessa hefur Ferðamálastofa m.a. fjármagnað þolmarkarannsóknir á ýmsum sviðum og er nú að keyra tilrauna-verkefni um væntingavísi innan ferðaþjónustunnar.

### **Markaðsstarf**

Um mitt ár 2014 var samningur við Iceland Naturally endurnýjaður og í lok sama árs var skrifað undir nýjan tveggja ára samning um Ísland allt árið. Þá var samningur við Íslandstofu vegna kynningar - og markaðsstarfs á sviði ferðamála endurnýjaður í lok árs 2015 og gildir hann í þrjú ár. Samningurinn styður við markmið nýs Vegvísis í ferðaþjónustu um jákvæða upplifun ferðamanna, aukna arðsemi, aukna dreifingu ferðamanna og jákvæð viðhorf til greinarinnar.


Áherslan í markaðssetningu Íslands gagnvart erlendum ferðamönnum undanfarin ár hefur einkum verið að vekja áhuga á Íslandi utan háannar og fá ferðamenn til þess að ferðast víðar um landið. Nýjasta markaðsherferð Ísland allt árið, sem gengur undir nafninu „Iceland Academy“, fór í loftið í lok febrúar á þessu ári. Herferðinni er ætlað að auka vitund og áhuga á Íslandi sem áfangastað ásamt því að leggja áherslu á ábyrga ferðahegðun erlendra gesta, auka öryggi þeirra og ánægju og stuðla að því að þeir njóti Íslandsferðarinnar sem best. Viðbrögð við herferðinni hafa verið afar góð þann stutta tíma sem hún hefur verið í gangi en þess má geta að markaðsherferðir Ísland allt árið hafa verið margverðlaunaðar hérlendis sem erlendis.

Fyrir liggur að taka þarf ákvörðun um hvernig haga skuli áframhaldandi kynningarstarfi en samningurinn um Ísland allt árið rennur út í lok árs.



## Vöxtur íslenskrar ferðaþjónustu undanfarin ár

Vöxtur íslenskrar ferðaþjónustu hefur verið mikill frá árinu 2011 og samfara því hefur þjóðhagslegt mikilvægi greinarinnar vaxið hratt. Árið 2015 komu tæplega 1,3 milljónir erlendir ferðamenn til landsins um Keflavíkurlugvöll sem er um 133% aukning frá árinu



2011 og um 30% aukning frá árinu á undan. Til samanburðar fjölgaði ferðamönnum á heimsvísu um 19% á sama tímabili og um 4% milli árunna 2014 og 2015. Þegar bætt er við þeim farþegum sem koma til landsins með ferju eða um annan flugvöll en Keflavíkurlugvöll, auk dagsferðalanga sem komu með skemmtiferðaskipum, þá var heildarfjöldi ferðamanna um 1,4 milljónir á árinu 2015. Það er um 121% aukning frá árinu 2011 og um 27% aukning milli árunna 2014 og 2015. Isavia og grein- ingardeildir íslenskra banka spá

áframhaldandi mikilli fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands. Gangi spár eftir má gera ráð fyrir að erlendir gestir verði nálægt 2 milljónum á árinu 2016 sem er aukning upp á 37% frá árinu 2015. Frá árinu 2017 er svo áætlað að á vextinum hægi til ársins 2020.

Ýmsir þættir styðja við spár um að ferðamönnum haldi áfram að fjölga þótt vöxturinn


verði etv. ekki eins mikill og hann hefur verið á síðustu árum. Má þar nefna væntingar um aukinn hagvöxt í heiminum og lágt olíuverð sem er einn af stærstu útgjaldaliðum flugfélaga. Alþjóða ferðamálastofnunin (UNWTO) gerir líka ráð fyrir

	Tekjur af erl. ferðamönnum. (jan.-des)	Störf - ársmeðaltal (jan.-nóv.)	Kortavelta erl. ferðamanna. (jan. - des.)
Ár	ma.kr	Fjöldi	m.kr
2011	197	12.682	-
2012	240	13.882	842
2013	276	15.309	934
2014	304	16.864	1.140
2015	364	19.100	1.544

Heimild: Hagstofa Íslands og Rannsóknasetur verslunarinnar

áframhaldandi vexti í alþjóðlegum ferðalögum eða um 4-5% árlega fram til 2020.

Með auknum fjölda ferðamanna hafa tekjur þjóðarbúsins vaxið og ný störf skapast. Sem dæmi þá starfa í dag að meðaltali 6-7 þúsund fleiri í greinum sem tengjast ferðaþjónustunni en á árinu 2011, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Í skýrslu Íslandsbanka um ferðaþjónustuna sem gefin var út í febrúar 2016 kemur fram að 9,3% starfa á Íslandi séu í ferðaþjónustu samanborið við 6% árið 2008. Sé horft á tekjur af ferðamönnum hér á landi og erlendis út frá gögnum Hagstofunnar voru þær 364 ma.kr. í lok árs 2015 samanborið við tæplega 200 ma.kr á árinu 2011. Þá jókst greiðslukortavelta erlendra ferðamanna um 35% milli 2012 og 2015 að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.



Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar og útreikningar ANR

Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð á áætlunum virðisaukaskatttekjum sem erlendir ferðamenn greiddu af verslun og þjónustu hér á landi á árunum 2012 til 2015 á verðlagi hvers árs. Hér verður þó að hafa í huga að ekki er búið að draga frá virðisaukaskatt sem ferðamenn geta fengið endurgreiddan við brottför úr landi.

## Áskoranir

Ljóst er að þessi mikli vöxtur hefur reynt töluvert á innviði samfélagsins. Uppbygging á ferðamannastöðum í náttúru Íslands hefur verið í brennidepli á undanförunum misserum, en jafnframt hefur töluvert reynt á vegakerfi, löggæslu, björgunarsveitir og heilbrigðisþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Það er eðlilegt og nauðsynlegt að horfa til þessara þátta og réttmætt að benda á að ennþá er fjölmörg verk að vinna. Það verður þó samhliða því að horfa til þess að fjölgun ferðamanna hefur ávallt verið umfram spár. Það er jafnframt ljóst að í uppbyggingu ferðaþjónustu felast mikil sóknarfæri fyrir samfélagið til aukinnar hagsældar og jákvæðrar byggðaðróunar.

## Samhæfing

Fjölmörg verkefni hafa verið unnin undanfarin ár til að bregðast við örum vexti atvinnugreinarinnar. Ferðaþjónustan er í eðli sínu víðfeðm og snertir mörg svið mannglegra athafna. Þannig koma öll ráðuneyti stjórnarráðsins að henni með einum eða öðrum hætti. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra ber ábyrgð á ferðaþjónustu sem atvinnugrein, sem og aðgerðum til að stuðla að almennum úrbótum og uppbyggingu á ferðamannastöðum; umhverfis- og auðlindaráðherra ber m.a. ábyrgð á úrbótum og uppbyggingu á aðstöðu til móttöku ferðamanna í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum; forsætisráðherra ber ábyrgð á Þingvallapjóðgarði og þjóðlendum; innanríkisráðherra ber ábyrgð á samgöngum, löggæslu og öryggismálum, mennta- og menningarmálaráðherra ber ábyrgð á menntun innan starfsgreina; heilbrigðisráðherra ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. þeirri sem erlendum ferðamönnum er veitt; og fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á tekjuöflun ríkisins og skattaumhverfi greinarinnar svo að dæmi séu tekin. Sveitarfélögin eru mikilvægur hlekkur enda eru margir ferðamannastaðir í eigu eða umsjón sveitarfélaga. Auk þess fara sveitarfélögin með skipulagsvaldið en skipulagsmál eru gríðarlega mikilvægur þáttur í allri skipan mála fyrir atvinnugreinina. Jafnframt eru margir ferðamannastaðir í einkaeign og því eru landeigendur víða mikilvægur hlekkur. Þá má ekki gleyma greininni sjálfri, enda einsýnt að til þess að atvinnugreinin haldi áfram að þróast með jákvæðum hætti fyrir samfélagið er nauðsynlegt að góð samvinna sé milli greinarinnar og hins opinbera. Það er því augljóst að þörf er á samstilltu

átaki allra hagaðila við að takast á við þær áskoranir og þau verkefni sem vextinum innan atvinnugreinarinnar fylgja.

Eins og áður hefur komið fram var *Vegvísir í ferðaþjónustu* kynntur í október 2015 en að honum standa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar. Í Vegvísinum var gerð tillaga um fastmótaðra samstarf milli helstu aðila sem að ferðaþjónustunni koma og á grundvelli samkomulags milli ríkisstjórnar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka ferðaþjónustunnar var Stjórnstöð ferðamála sett á laggirnar sem mun starfa til ársloka 2020. Í stjórn hennar eiga sæti fjórir ráðherrar þ.e. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem er formaður, fjármála- og efnahagsráðherra, innanríkisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Þá sitja í stjórnstöð tveir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjórir fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar. Stjórnstöðin er sett á fót með það að markmiði að samhæfa aðgerðir og takast á við þá staðreynd að fjölmargir þurfa að koma að málum svo að ferðaþjónustan geti vaxið og dafnað í sátt við land og þjóð.

### Gjaldtaka af ferðamönnum

Vorið 2013 fól iðnaðar- og viðskiptaráðherra Ferðamálastofu að gera úttekt á því hvaða gjaldtökuleiðir væru færar til öflunar á tekjum til fjármögnunar uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða. Þeirri vinnu lauk í ágúst 2013 með skýrslu þar sem farið var yfir helstu leiðir sem færar væru.

Hugmyndir um ferðakort eða náttúrupassa voru mikið í umræðunni hér á landi í nokkur misseri en meginhugmyndin að baki náttúrupassa er að þeir greiði sem njóti, þ.e. að ekki sé verið að leggja gjald á þá sem ekki heimsækja ferðamannastaði. Ítarlegustu tillögurnar að slíkum passa er að finna í skýrslu Boston Consulting Group, „*Northern Sights: The future of tourism in Iceland*“ sem kom út í september 2013 og í skýrslunni „*Virðisauki í ferðaþjónustu*“ sem gefin var út af Gekon í sama mánuði. Einnig lagði samráðsvettvangur um aukna hagsæld til að sett yrði á fót *ferðakort* til að standa undir kostnaði við uppbyggingu á ferðamannastöðum. Þá ályktaði Ferðamálaráð að taka ætti upp *umhverfiskort* til að fjármagna þessa uppbyggingu. Að lokum má nefna að Samtök ferðaþjónustunnar ályktuðu á aðalfundi samtakanna 2013 að þau væru tilbúin til viðræðna við stjórnvöld um útgáfu náttúrupassa samhliða lækkun eða afnámi annarra sértækra skatta á ferðaþjónustuna.

Í kjölfar útgáfu ofangreindra skýrslna og yfirferðar á kostum og göllum helstu gjaldtökuleiða fól ríkisstjórnin iðnaðar- og viðskiptaráðherra í október 2013 að vinna að útfærslu á náttúrupassa sem leið til tekjuöflunar fyrir framkvæmdir á ferðamannastöðum. Ákveðið var að útfærsla vinnunnar myndi vera í formi frumvarps sem tæki til þess að koma náttúrupassa á laggirnar sem og leiða til að skipuleggja og forgangsraða uppbyggingunni. Lagt var í mikla vinnu við að útfæra náttúrupassa þannig að innheimta hans yrði einföld en jafnframt þannig að hún stæðist alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Frumvarp til laga um náttúrupassa var lagt fram á Alþingi 9. desember 2014 en náði ekki fram að ganga.

Umræða um gjaldtöku af ferðamönnum hefur aftur orðið nokkuð áberandi undanfarna mánuði. Sitt sýnist þó hverjum og svo virðist sem áfram ríki enginn einhugur um hvaða leið skuli farin, hvorki hjá þinginu, greininni sjálfri, né landsmönnum almennt. En þó svo að umræðan um gjaldtöku sé aftur farin af stað þá verður ekki séð að það hafi komið fram nýjar leiðir sem ekki hafa verið nefndar áður. Í grunninn koma ekki svo margar leiðir til greina þó að útfærslur geti verið mismunandi og því rétt að fara stuttlega yfir kosti og galla helstu leiða.

Í fyrsta lagi má nefna *komu- eða brottfarargjöld* sem áberandi eru í umræðunni. Þá annaðhvort gjald sem innheimt er á flugvelli og við hafnarbakka eða gegnum farseðla. Hér

þarf að gera greinarmun á því hvort að átt er við komu- eða brottfarargjöld sem landamæragjöld, líkt og ESTA- gjaldið inn til Bandaríkjanna, eða hvort átt er við að lögð sé sérstök gjöld eða skattar á flugmiða.

Hvað fyrri leiðina varðar er alveg ljóst að á grundvelli skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum og Schengen-samstarfinu er með öllu óheimilt að setja upp hvers kyns gjaldtöku við landamæri þar sem skylt væri að greiða gjald til að komast til eða frá landinu. Það á við hvort sem innheimtan er byggð á sambærilegri aðferð og fyrrgreint ESTA-gjald eða með greiðsluvélum á flugvöllum og hafnarbökkum. Sú leið er því með öllu ófær sem gjaldtökuleið.

Hvað síðari leiðina varðar, þ.e. að leggja gjöld eða skatt á flugmiða, eru kostirnir þeir að hún er einföld í framkvæmd og nær auðveldlega til allra ferðamanna sem hingað koma með flugi. Þessi leið er líka þekkt erlendis og ætti því ekki að koma ferðamönnum á óvart. Þó má benda á að lönd innan EES-svæðisins hafa verið að hverfa frá skattlagningu á flug nema það tengist beint þeirri þjónustu sem flugfarþegar njóta, þ.e. þjónustugjöld. Ókosturinn við þessa leið er jafnframt sá að leggja yrði gjaldið á bæði innanlandsflug og millilandaflug ef það væri lagt beint á farseðla.

Í frumvarpi er varð að lögum nr. 87/2011, um gistináttaskatt, var upprunalega lagt til að greitt skyldi í rikissjóð farþegagjald fyrir hvern farþega um borð í flugvélum og farþegaskipum og átti fjárhæðin að vera mishá eftir vegalengd ferðar. Alþingi hafnaði þó þeirri gjaldtöku. Rökin voru þau að nauðsyn væri á ítarlegri skoðun á því hvort ákvæði frumvarpsins um upptöku farþegaskatts samrýmdist skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum og eftir atvikum öðrum alþjóðaskuldbindingum á sviði flugmála.

Bæði EFTA-dómstóllinn og dómstóll Evrópusambandsins hafa tekið ákvarðanir í málum er lúta að ýmsum tegundum gjalda á flug. Þar má nefna dóm EFTA-dómstólsins í máli nr. E-1/03 gegn íslenska ríkinu sem komst að því að íslensk stjórnvöld hefðu brotið gegn ákvæðum EES-samningsins með innheimtu hærri gjalda á millilandaflug en farþega í innanlandsflug.

Einnig má nefna dóm dómstóls Evrópusambandsins (ESB) í máli nr. C-70/99 gegn Portúgal. Í þeim dómi áleit dómstóllinn að mismunun á gjaldtöku milli farþega í innanlandsflugi og millilandaflugi væri brot á ESB-reglum. Þá bað grískur dómstóll ESB-dómstóllinn um ráðgefandi álit varðandi mismunandi gjaldtöku á farþega eftir lengd flugs, sbr. mál nr. C-92/01. Dómstóllinn ályktaði að til þess að slíkur mismunur gæti gengið upp yrði að sýna fram á að það kostaði meira að þjónusta farþega sem væru að fljúga lengri vegalengdir. Í ljósi framangreinds verður að telja ljóst að það er nánast útilokað að rökstyðja að hafa mismunandi gjaldflokka á komu- og brottfarargjöldum eftir vegalengd frá flugvöllum á Íslandi þannig að það standist ákvæði EES-samningsins um bann við mismunun. Þá er ljóst að skattar á flugmiða munu skila sér út í verðlagið og gætu leitt til minni eftirspurnar á innanlandsflugi sem nú þegar ber sig ekki án ríkisstuðnings á sumum flugleiðum.

Norðmenn hyggjast leggja skatt á flug frá og með 1. apríl á næsta ári. Skatturinn nemur 88 norskum krónum (um 1300 ISK) og er lagður á farþega sem fljúga frá norskum flugvöllum. Skattlagningin er afar umdeild í Noregi en álitaefnin eru kunnugleg, óttast er að skatturinn fæli flugfélög frá landinu og þá er hann talin koma sérstaklega illa niður á innanlandsfluginu í Noregi enda leggst hann á báða leggi ferðalagsins innanlands. Rétt er að taka fram að um er að ræða umhverfisskatt. Markmiðið með setningu hans er því ekki að standa undir uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum í Noregi.

Í öðru lagi má nefna *gistináttaskatt* sem nú er í gildi. Tekjur af honum eru nýttar til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, friðlýstra svæða og þjóðgarða. Jafnframt er tekjunum ætlað að tryggja öryggi ferðamanna og verndun náttúru landsins. <sup>3</sup>/<sub>5</sub> hluti teknanna renna beint til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, en samkvæmt fjárlögum ársins 2016 er áætlað að gistináttaskatturinn skili ríkissjóði 270 m. kr. og þar af er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái framlög að fjárhæð 149 m. kr. Þessir fjármunir duga þó skammt enda hefur undanfarin ár alltaf verið lagt aukið framlag til sjóðsins. Sú hugmynd hefur komið fram að afla mætti hærri tekna með því að lagfæra þá hnökra sem eru á núverandi gistináttaskatti. Í dag er gjaldið á hverja einingu 100 kr. Ef það yrði hækkað t.d. upp í 300 kr myndi skatturinn skila ca 800 m.kr. ef áætlun ársins 2016 er þrefölduð. Ekki er þó útilokað að slík hækkun gæti haft neikvæð áhrif á eftirspurn eftir gistingu í landinu, en flöt hækkun kæmi verst niður á smærri rekstraraðilum s.s. litlum gististöðum og tjaldsvæðum. Ef fara ætti þá leið að innheimta mismunandi skatt, t.d. eftir verði á gistingu, þá er verið að koma á flóknum skattstofni sem gengur þvert á það mikilvæga markmið að einfalda skattkerfið. Þar að auki verður þessi skattstofn alltaf því marki brenndur að innheimtuaðilar eru margir og það getur reynst erfitt að hafa eftirlit með innheimtu hans.

Í þriðja lagi má nefna „*hver innheimti fyrir sig*“, þ.e. *landeigendur sem og ríkið taka upp gjaldtöku hver á sínum ferðamannastað*. Kosturinn við þessa leið er sá að þá berst fjármagn inn á þau svæði þar sem gjald er innheimt og nýtist líklega beint til uppbyggingar á svæðunum. Ókostirnir eru þó nokkrir.

Þetta fyrirkomulag getur haft áhrif á sókn ferðamanna á þá staði þar sem gjaldskylda er til staðar. Ef ferðamenn, hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir, meta upplifunina á gjaldskyldu stöðunum þannig að hún svari ekki kostnaði samanborið við gjaldfrjálsa staði, má búast við því að ferðamenn sækji í auknum mæli á þá gjaldfrjálsu. Auknar vinsældir geta verið kostur fyrir þá sem veita þjónustu í grennd við þá staði, en á sama tíma kalla vaxandi vinsældir á meiri uppbyggingu, sem þarf að fjármagna.

Innheimta gjalda á mörgum stöðum, hvort sem þeir eru í eigu og umsjá einkaaðila, sveitarfélaga eða ríkisins, getur haft neikvæð áhrif á ímynd landsins. Auk þess er þetta dýr leið með hliðsjón af umsýslukostnaði. Koma þyrfti upp annars vegar greiðslukerfi á staðnum og hins vegar eftirlitshliðum eða ráða starfsfólk til þess að sinna vörslu. Að auki má gera ráð fyrir að á háannatímum myndist langar raðir til að greiða fyrir aðgang að svæðinu sem myndi fæla ferðamenn frá.

Í fjórða lagi má nefna að í Vegvísi í ferðaþjónustu er hvatt til að *þjónustugjöld* verði innheimt á ferðamannastöðum þar sem aðstaða og þjónusta er í boði og að þau gjöld renni til náttúruverndar og frekari uppbyggingar. Þar er þó ekki átt við að innheimt verði aðgangsgjöld að ferðamannastöðum heldur að greitt sé fyrir afnot af bílastæðum, salernum o.s.fv. og er innanríkisráðuneytið m.a. að skoða breytingar á umferðarlögum vegna bílastæðagjalda.

Ljóst er að ef talið er nauðsynlegt að ríkissjóður afli frekari tekna af ferðamönnum til að standa straum af kostnaði við uppbyggingu innviða samfélagsins þarf að taka af skarið og taka ákvörðun um aðferð eða aðferðir, með þeim kostum og göllum sem þeim fylgja. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur þegar lagt fram tillögu um tekjuöflun í formi náttúru-passa en matið á því hvort þörf sé á frekari tekjuöflun, sem og skattlagningarvaldið, er eftir sem áður hjá Alþingi.

## Samantekt verkefna

### 2013

- Ráðherra skipar starfshóp til að yfirfara lög um bílaleigur.
- Ráðherra skipar starfshóp til að yfirfara lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Ráðherra setur á fót samráðshóp til að útfæra náttúrupassa.
- Úthlutun úr Þróunarsjóði ferðamála (<https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/idnadar-og-vidskiptamal/frettir/nr/7966>)

### 2014

- Styrkur til samtaka um Sögutengda ferðaþjónustu.
- Samningur við Hagstofu Íslands um gerð ferðaþjónustureikninga.
- Úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða (244 m.kr).
- Aukið 380 m.kr. framlag til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.
- Ferðamálastofa skilar skýrslu um einföldun regluverks í ferðaþjónustu en ráðherra óskaði eftir úttektinni frá Ferðamálastofu.
- Samningur um Iceland Naturally endurnýjaður.
- Frumvarp til nýrra heildarlaga um leigu skráningarskyldra ökutækja lagt fram á Alþingi (ekki klárað).
- Sett af stað vinna við að móta stefnu og framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustuna.
- Frumvarp til laga um náttúrupassa lagt fram á Alþingi (ekki klárað).
- Samningur um „Ísland allt árið“ endurnýjaður.

### 2015

- 175 m. kr úthlutað úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða
- Nýtt ferðamálaráð skipað
- Styrkur til samtaka um Sögutengda ferðaþjónustu
- Ný heildarlög um leigu skráningarskyldra ökutækja samþykkt á Alþingi.
- Frumvarp um heimagistingu lagt fram á Alþingi (ekki klárað)
- 60 m.kr. veitt til rannsóknarverkefna á sviði ferðaþjónustu.
- 850 m. kr veitt til brýnna verkefna á ferðamannastöðum
- „Vegvísir í ferðaþjónustu“ kynntur
- Stjórnstöð ferðamála sett á fót til næstu fimm ára og forgangsmálum hrint í framkvæmd.
- IVR styrkir verkefni til að bæta aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum
- Samningur við Íslandsstofu um kynningar- og markaðsstarf í ferðaþjónustu endurnýjaður.

### 2016

- Alþingi samþykkir 150 m.kr. til að auka rannsóknir í ferðaþjónustu árið 2016 – fjármununum verður ráðstafað í samræmi við tillögur Stjórnstöðvar ferðamála.
- Alþingi samþykkir aukið framlag til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða árið 2016 (149 gistináttaskattur + 517 aukið framlag), samtals 666 m.kr.
- Ráðherra gefur út nýja reglugerð um starfsreglur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða þar sem móttframlag til svæða í eigu og umsjón ríkisins er felld niður og móttframlag til svæða í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila er lækkað í 20%.
- Frumvarp til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald lagt fram á Alþingi.

## **Samantekt á forgangsverkefnum 2016-2017 (á vegum ráðuneytisins og Stjórnstöðvar ferðamála)**

### *Regluverk og stjórnýsla*

- Frumvarp til breytinga á lögum um skipan ferðamála
- Frumvarp til stofnsetningar flugþróunarsjóðs
- Einfalda regluverk í ferðþjónustu enn frekar ásamt því að innleiða eina gátt fyrir leyfisveitingar og gögn.
- Efla skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

### *Uppbygging, öryggi og skipulag*

- Auka öryggi ferðamanna og forvarnir m.a. með samræmdri upplýsingagjöf og merkingum um allt land – tillögur Stjórnstöðvar ferðamála til umræðu í ráðuneytum.
- Útfæra leiðir til að sveitarfélög hafi tekjur til að mæta kostnaði við uppbyggingu og rekstur áfangastaða – er á forræði fjármála- og efnahagsráðuneytisins en þegar hefur móttframlag til sveitarfélaga úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða verið lækkað.
- Gera vandaðar svæðisáætlanir fyrir ferðþjónustuna í hverjum landshluta (Destination Management Plan, DMP) - Tillögur um verklag í vinnslu hjá Stjórnstöð ferðamála.
- Tryggja að samgönguáætlun taki mið af þörfum ferðþjónustu og spám um áframhaldandi fjölgun ferðamanna.
- Tryggja að viðhald og uppbygging innviða flugsins verði í takt við fjölgun ferðamanna til landsins.
- Velja „fyrirmyndarstaði“ í ferðþjónustu sem eru þekktir sem slíkir bæði hér á landi og erlendis og hefjast handa við val og hönnun árið 2016.
- Gera ráð fyrir áfangastöðum ferðamanna í skipulagi sveitarfélaga og forgangsraða þeim í hverjum landshluta þar sem áhersla verður á að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn.
- Ákveða hvaða áfangastaðir ferðamanna í hverjum landshluta þarfnast aðgangsstýringar og stýra umferð um þá með umhverfisleg og félagsleg þolmörk og öryggi ferðamanna að leiðarljósi.
- Vinna að mörkun Íslands sem áfangastaðar og taka ákvörðun um hvernig skuli háttá áframhaldandi landkynningarstarfi.
- Koma á skilvirkri áhættustjórnun sem byggist á stöðugu áhættumati skv. bestu fyrirmyndum erlendis frá.

### *Hæfni, gæði og fagmennska:*

- Greina þarfir fyrir heildstæðar úrbætur til að styðja við hæfni, gæði, fagmennsku og þekkingu innan ferðþjónustunnar og vinna að skilvirkum leiðum til úrbóta.
- Gera áætlanir um mannafla- og þjálfunarþörf í ferðþjónustu í öllum landshlutum.
- Vinna markvisst að leiðum til að fyrirbyggja svarta atvinnustarfsemi í greininni.

## **Lokaorð**

Skýrslu þessari er ætlað að gefa þinginu upplýsingar um það hver staðan er í þessum mikilvæga málaflokki um þessar mundir. Mikilvægasta verkefnið á þessum tímamarki er að nýta tækifærin í vexti greinarinnar fyrir þjóðina, horfast af sanngirni í augu við áskoranirnar og taka höndum saman um að leysa þau verkefni sem þjóðin stendur frammi fyrir

